

Kirkjuþing 2024-2025

38. mál – þskj. 38a

T I L L A G A

að starfsreglum um breytingu á starfsreglum um prófaste nr. 7/2023-2024.

Flm. Biskup Íslands, sr. **Guðrún Karls Helgudóttir.**

1. gr.

2. gr. orðast svo:

Biskup Íslands auglýsir starf prófaste innan hvers prófasteðmis með sambærilegum hætti og önnur prestsstörf. Einungis starfandi prestar í viðkomandi prófasteðmi geta sótt um starfið.

Áskilja ber þekkingu og reynslu af kirkjustarfi, stjórnunar- og skipulagsstörfum, sálgæslu og mannauðsmálum.

Biskup ræður prófaste úr hópi umsækjenda að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar biskups í mannauðsmálum.

Prófaste í Reykjavíkurprófasteðmi eystra, Reykjavíkurprófasteðmi vestra og Kjálarnessprófasteðmi geta ekki samtímis gegnt stöðu sóknarprests.

2. gr.

3. gr. orðast svo:

Biskup setur nágrannaprófaste til að gegna starfi prófaste um stundarsakir ef sérstaklega stendur á svo sem vegna leyfis, veikinda eða lengri fjarveru.

3. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru með heimild í 8. gr. laga um þjóðkirkjuna nr. 77/2021, öðlast gildi við birtingu.

Greinargerð.

Núverandi starfsreglur um prófaste voru samþykktar á kirkjuþingi árið 2023. Þá voru starfsreglurnar stytta og einfaldaðar en engar efnislegar breytingar gerðar. Með aukinni kröfu um faglegar ráðningar og gegnsæi eru hér lagðar til breytingar sem snúa að ráðningu prófaste og afleysingu. Auk þess þykir rétt að ákvæði í starfsreglum sé í samræmi við stefnur þjóðkirkjunnar í jafnréttis og mannauðsmálum.

Um 1. gr.

Í nýlega samþykktari mannauðsstefnu þjóðkirkjunnar segir: *Hjá Þjóðkirkjunni skal staðið löglega, formlega og faglega að öllum ráðningum. Skipun og ráðning starfsfólks skal fylgja almennum reglum um ráðningar kirkjunnar svo sem að auglýsa störf, gera ráðningarsamninga og þess háttar. Enn fremur segir í jafnréttisstefnu Þjóðkirkjunnar: Öll störf hjá kirkjunni skuli standa öllum opin óháð kyni. Við ráðningar verði leitast við að jafna hlutföll kynjanna, ef um er að ræða jafnhæfa einstaklinga og stuðla skal að jafnri stöðu kynjanna í stjórnunar- og áhrifastöðum.*

Hér er því lagt til að allar lausar stöður prófaste verði auglýstar opinberlega sem gefur prestum í viðkomandi prófasteðmi tækifæri til að sækja um starfið. Auglýst skal með sambærilegum hætti og prestsstöður þ.e. á opnum vef þjóðkirkjunnar. Eðlilegt þykir, í ljósi

Þeirra verkefna sem prófastar sinna, að gerðar séu sérstakar kröfur varðandi hæfni, þekkingu og reynslu af fjölbreyttu kirkjustarfi af stjórnunar- og skipulagsstörfum, sálgæslu og öðrum mannauðsmálum. Ekki eru þó gerðar skýlausar kröfur um sérnám í þessum fræðum heldur talað um þekkingu og reynslu.

Lagt er til að biskup ráði í stöðu prófasts að fenginni umsögn ráðgjafarnefndar biskups í mannauðsmálum sem hann kallar sér til aðstoðar. Ekki þykir nauðsynlegt að tilgreina sérstaklega hverjir skipi þá ráðgjafarnefnd þar sem biskupsstofa hefur að skipa öflugum starfsfólki á mannauðssviðinu.

Umfang prófastsembættanna hefur stöðugt verið að aukast á liðnum árum og próföstum sífellt falin aukin verkefni. Hér er því lagt til að prófastar í fjölmönnum prófastsdæmum eins og í Reykjavíkurrófastsdæmi eystra, vestra og Kjalarnessrófastsdæmi gegni ekki stöðu sóknarprests á sama tíma. Með stækkun prestakalla og auknum þjónustuþunga í stórum sóknum er auk þess mikilvægt að virða stöðu sóknarpresta. Rétt þykir því að tekið sé skýrt fram í starfsreglum að prófastar gegni ekki stöðu sóknarprests í þeim prófastsdæmum. Er það gert í ljósi umfangs prófastsþjónustunnar og til að tryggja þjónustu sóknarprestanna í söfnuðunum.

Um 2. gr.

Í núverandi starfsreglum er ekki tilgreint sérstaklega hver leysir prófast af ef um tímabundna fjarveru er að ræða. Í ljósi þeirrar sérhæfingar sem fylgja störfum prófaste þykir eðlilegt að biskup feli nágrannaprófasti að leysa af enda vinna prófastar alla jafna mikið saman og að sambærilegum málum.

Um 3. gr.

Ákvæðið þarfnast ekki skýringa.